



107. stjórnarfundur LSE.

Haldinn í Bændahöllinni 8. júní 2016 kl. 10,00

Dagskrá:

1. Fjárhagur LSE

a. Aðgerðir vegna fjárhagsstöðu LSE 2016

Lögð fram greining á rekstri Lse seinnihluta árs 2016 Framkvæmdastjóra falið að fara betur yfir fjárhagsstöðuna og leggja fyrir símafundum þann 15 júní . Rætt um að gott væri að leggja fram fjárhagsgreiningu í byrjun árs og svo aftur fyrir seinni hluta ársins til að upplýsa stjórn reglulega.

Tilboð í breytingu á heimasíðu og hýsingu. Framkvæmdastjóri lagði fram tvö tilboð í rekstur heimasíðu www.skogarbondi.is. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna áfram að málinu.

Tilboð í bókhald: Gjaldkeri sendir yfirlit yfir kostnað vegna bókhalds það sem af er ári 2016 og í framhaldi leita eftir tilboði í bókhaldi miðað við umfang og bera saman við núverandi kostnað.

b. Starfsmannahald

Ráðningasamningur við framkvæmdastjóra er runnin út. Lagt til að samningurinn verði framlengdur til áramóta 2016-2017 ef fjárhagsstaða leifir. Ráðningasamningur frá 2013 lagður fram auk formi um ráðningarsamning frá BÍ til kynningar. Málinu frestað til næsta fundar.

Greiðslur vegna setu á búnaðarþingi 2016. Breytingar á greiðslum til fulltrúa á Búnaðarþing. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr greiða aðildarfélög laun sinna fulltrúa á Búnaðarþingi. Annan þingfarakostnað greiða Bændasamtök Íslands.

Stjórn LSE samþykkir að greiða Búnaðarþingsfulltrúa dagpeninga meðan á þinginu stendur.

c. Búnaðarlagasamningur. Landssamtök skógareigenda eru í fyrsta skipti inn í rammasamningi um almenn skilyrði landbúnaðarins og framlög sem ekki falla undir samninga um skilyrði garðyrkju, nautgripa og sauðfjárræktar á árunum 2017 til 2026.

Samkvæmt 12 gr. samningsins um Skógarafurðir, ráðstafar Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra framlögum til 10 ára sem ætlað er LSE til átaksverkefna skógarbænda með það að markmiði að efla áframvinnslu hráefnis og efla arðsemi skógræktar.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ræða við Skógræktina um möguleika á ráðningu á sameiginlegum starfsmanni sem ynni að úrvinnslumálum.

2. Sameining skógræktar og LHV

a. Ný stofnun orðin að veruleika.

Vinna við undirbúning sameiningar og skipurit nýrrar stofnunar verður kynnt umhverfis- og auðlindaráðherra í vikunni. Fjármál LHV verða óbreytt út árið þannig að skógarbændur finna engar breytingar á uppgjöri eða þjónustu og svo er stefn að því að bæta þjónustu við skógarbændur í kjölfarið.

b. Hlutverk LSE í nýju umhverfi

Mikil umræða hefur verið um hlutverk LSE og félög skógarbænda í nýju umhverfi skógræktar. Send verði áskorun á Skógræktina um að samstarf og samráð við LSE og aðildarfélögin í hverjum landshluta verði tryggt í lögum um skógrækt.

Lagt fram til kynningar drög að frumvarpi til laga um skóga og skógrækt sem kynnt var fyrir fagráði skógræktar á síðasta fundi fagráðs. Skoða þarf hvernig hægt verið að tryggja samstarf og samráð um málefni skógræktar á bújörðum

3. Kynning á verkefni um gerð vegvísis í átt til loftlagsvænni landbúnaðar.

Framkvæmdastjóri kynnti samstarf BÍ, UAR, ANR og Lse um gerð vegvísis um loftlagsvænni landbúnað. LSE á annan fulltrúa BÍ í starfshópnum. Starfshópurinn var skipaður í kjölfari þess að LSE lagði fram tillögu á Búnaðarþingi um kolefnisjöfnun búskapar. Búið er að vinna drög að vegvísi og gera samstarfssamning við LBHÍ um að reikna út losun ýmissa þátta í landbúnaði og skila greinagerð til starfshópsins í lok ágúst. Næsti fundur starfshópsins verður í ágúst.

4. Við skógareigendur.

Ný ritnefnd frá Félagi skógarbænda á Vestfjörðum tók við um áramót og er fyrsta blaðið komið út í þeirra umsjón. Í þetta sinn var blaðið gefið út í stærra upplagi og dreift á öll lögbýli. Fjármögnun gekk ágætlega og þökkum við styrktaraðilum fyrir veittan stuðning. Stjórn LSE óskar ritnefndinni til hamingju með þetta fyrsta blað sem er bæði fræðandi og fallegt.

5. Störf aðildarfélaganna og aðalfundir.

Formaður og framkvæmdastjóri hafa mætt á aðalfundi aðildarfélaganna. Allir aðalfundir eru búnir nema hjá Félagi skógarbænda á Vestfjörðum sem haldinn verður þann 18. júní. Auk venjulegra aðalfundastarfa hefur Þröstur Eysteinnsson eða fulltrúi frá SR mætt á fundina til að upplýsa um sameiningu SR og LHV.

Verkefni aðildarfélaganna um stofnun afurðarstöðvar í hverjum landshluta eru í ferli, mis langt komin en Þrjú félög eru að vinna að þessum málum.

6. Aðalfundur LSE, tillögur fyrir aðalfund.

Formaður LSE hvetur aðildarfélögin til að vera virk í félagsstarfinu, og skorar á þau að koma með tillögur um hvað LSE eigi að leggja áherslu á í sínum störfum.

Skorað er á aðildarfélögin að senda inn tillögur fyrir aðalfund eigi síðar en 10 september 2016.

Málþing verður verður haldið í tengslum við aðalfundinn annarsvegar um úrvinnslumál og afurðir skóga en hinsvegar um hlutverk LSE í nýju umhverfi skógræktar.

Sendar verða fljótlega upplýsingar um verð og skráningu vegna fundarins. Stjórn LSE beinir því til formanna aðildarfélaganna að hvetja félagsmenn til að mæta og fá tilboð í rútu austur. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvað þarf marga til að fá hóptilboð í flug á aðalfund og verð og senda á formenn.

7. Jólatrjáaverkefnið.

Else Möller verður á ferðinni nú í byrjun júní og ætlar að heimsækja þátttakendur í jólatrjáaverkefninu sem áhuga hafa á heimsókn. Else verður aftur á ferðinni síðar í sumar og klárar heimsóknirnar þá.

8. Önnur mál.

a. Heimsókn Norskra skógarkvenna. Framkvæmdastjóra sagði frá fyrirhugaðri heimsókn Norskra skógarkvenna á Vesturland. Vesturlandsskógar taka á mótí konunum og heimsækja skógarbændur á vesturlandi. Á síðasta degi fá þær leiðsögn um Suðurland og Gullna hringinn. Framkvæmdastjóri LSE tekur á mótí hópum með veitingum og góðum kveðjum frá stjórn LSE og íslenskum skógarbændum

b. María nefndi að LSE þyrfti að móta sér stefnu um hlutverk LSE innan nýrrar stofnunar.

c. Sumarfrí: Framkvæmdastjóri verður í sumarfrí frá og með 16 júní til og með 30 júní.

Fundi slitið kl 14.40